# Erindisbréf

Starfshóps um fasteignir og jarðir í Þingeyjarsveit

**Stjórnskipuleg staða:**

Starfshópur um fasteignir og jarðir sveitarfélagsins var kosinn á 59. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 22. maí 2025 og heyrir undir sveitarstjórn. Í starfshópunum sitja þrír fulltrúar, skipaðir af sveitarstjórn. Þeir eru: Eyþór Kári Ingólfsson, Gerður Sigtryggsdóttir og Jóna Björg Hlöðversdóttir.

**Hlutverk starfshópsins er:**

- Að taka saman heildaryfirliti yfir fasteignir, jarðir og lendur í eigu Þingeyjarsveitar.
- Að leggja mat á eignirnar, móta tillögu að framtíðarsýn um ráðstöfun þeirra og leggja fyrir sveitarstjórn
- Að taka saman heildaryfirlit yfir leiguverð á íbúðum í eigu sveitarfélagsins og gera tillögu til sveitarstjórnar að samræmingu leiguverðs.

Starfshópurinn kýs sér formann á fyrsta fundi. Hópurinn skal rita fundargerðir sem lagðar eru fyrir sveitarstjórn. Kjörinn ritari færir fundargerðir. Margrét Hólm Valsdóttir er starfsmaður nefndarinnar. Hópurinn hefur heimild til að kalla þá aðila til fundar sem nauðsyn þykir vegna starfa sinna.

Starfshópurinn skal starfa frá 22 maí – 31. ágúst 2025. Á þeim tíma er starfshópnum heimilt að halda allt að fjóra fundi. Leita þarf heimilda sveitarstjórnar ef halda þarf fleiri fundi en tilgreindir eru á þessu tímabili. Starfshópnum er ekki heimilt að stofna til útgjalda án heimildar sveitarstjórnar.